



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Ólafur Óskar Egilsson, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs á Apple vörum

Á fundi borgarráðs þann 8. desember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup þjónustu- og nýsköpunarsviðs á Apple vörum sbr. 31 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um það hversu margar MacBook Pro og MacBook Air fartölvur ásamt öðrum Apple búnaði, þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur verið að kaupa undanfarin þrjú ár og fyrir hvaða starfsemi innan borgarinnar. Vill fulltrúinn einnig sjá hver dreifingin er á þessum búnaði eftir sviðum, skrifstofum og deildum. Einnig vil fulltrúinn fá að vita hvaða rök þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur fyrir kaupum á svona dýrum búnaði fyrir borgarfulltrúa og annað starfsfólk sem ekki er beint að vinna með þunga grafík, krefjandi hljóðvinnslu eða annað sem krefst slíks tækjabúnaðar. Það kemur fulltrúa Flokks fólksins á óvart að þjónustu- og nýsköpunarsvið skuli bjóða starfsmönnum og borgarfulltrúum upp á að vera með MacBook Pro fartölvum og annan Apple búnað þegar ljóst er að slíkur búnaður er mun dýrari en hefðbundnar PC tölvur. Fulltrúinn fær ekki betur séð en að einhver hluti borgarfulltrúa hafi einmitt fengið úthlutað MacBook Pro fartölvur til þess að fletta í gegnum fundargerðir og annað sem ekki flokkast beint undir þunga tölvuvinnslu. Þarna er enn eitt dæmið um það hversu frjállega sviðið virðist fara með það fé sem því er úthlutað af skattfé borgarbúa.

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar stafræns ráðs sem vísaði fyrirspurninni til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. janúar 2023.

Svar:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um það hversu margar MacBook Pro og MacBook Air fartölvur ásamt öðrum Apple búnaði, þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur verið að kaupa undanfarin þrjú ár og fyrir hvaða starfsemi innan borgarinnar.

Þær Apple tölvur sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur keypt undanfarin þrjú ár eru 139 og skiptast eftir tegundum með eftirfarandi hætti.

Lýsing	2020	2021	2022
MacBook Air 13'	2	1	
MacBook Pro 13'	14	73	24
MacBook Pro 16'	7	5	3
MacBook Pro 14'		1	2
iMac	1	1	4
Mac mini	1		
Samtals	25	81	33

Meðal kaupverð á tímabilinu hefur verið:

Lýsing	2020	2021	2022
MacBook Air 13'	232.537	324.615	
MacBook Pro 13'	345.586	280.032	260.450
MacBook Pro 16'	498.334	453.402	472.258
MacBook Pro 14'		475.191	382.792
iMac	334.392	290.391	249.990
Mac mini	426.782		
Samtals	383.634	293.994	314.149

Heildarkostnaður eftir tegundum:

Lýsing	2020	2021	2022
MacBook Air 13'	465.073	324.615	
MacBook Pro 13'	4.492.619	20.162.331	2.344.052
MacBook Pro 16'	3.488.338	2.267.010	1.416.773
MacBook Pro 14'		475.191	765.583
iMac	334.392	290.391	499.980
Mac mini	426.782		
Samtals	9.207.204	23.519.538	5.026.388

Einnig hver dreifingin er á þessum búnaði eftir sviðum, skrifstofum og deildum.

Notkun skiptist niður á svið með eftirfarandi hætti:

Svið	Lýsing Stutt	2020	2021	2022
FÁS	MacBook Pro 13'	1		
FÁS Samtals		1		
MOF	MacBook Pro 13'	1		
	MacBook Pro 16'			1
MOF Samtals		1		1
MOS	MacBook Pro 16'		1	
MOS Samtals			1	
MSS	MacBook Air 13'	1		
	MacBook Pro 13'	2	18	
	MacBook Pro 16'	1		
MSS Samtals		4	18	
SFS	MacBook Air 13'	1		
	MacBook Pro 13'	7	9	23
	iMac	1		4
SFS Samtals		9	9	27
USK	MacBook Pro 13'			1
	MacBook Pro 16'			1
USK Samtals				2
VEL	MacBook Pro 13'	1	1	
VEL Samtals		1	1	



ÞON	MacBook Air 13'		1	
	MacBook Pro 13'	2	45	
	MacBook Pro 16'	6	4	1
	MacBook Pro 14'		1	2
	iMac		1	
	Mac mini	1		
ÞON Samtals		9	52	3

Notkun skiptist niður á starfsstaði með eftirfarandi hætti:

Svið	Starfsstaður	Lýsing Stutt	2020	2021	2022
FÁS	Skrifstofa	MacBook Pro 13'	1		
FÁS samtals			1		
MOF	BBS Skrifstofa	MacBook Pro 13'	1		
	Bókmenntaborgin	MacBook Pro 16'			1
MOF samtals			1		1
MOS	Skrifstofa	MacBook Pro 16'		1	
MOS samtals				1	
MSS	Borgarstjórn	MacBook Air 13'	1		
		MacBook Pro 13'	1	16	
		MacBook Pro 16'	1		
	Skrifstofa	MacBook Pro 13'	1	1	
	Upplýsingadeild	MacBook Pro 13'		1	
MSS samtals			4	18	
SFS	Árbæjarskóli	MacBook Pro 13'	5		
	Fossvogsskóli	MacBook Pro 13'	1		
	Brosbær	MacBook Pro 13'		1	
	Langholtsskóli	MacBook Pro 13'		6	
		iMac			2
	Laugalækjarskóli	MacBook Pro 13'			7
		iMac			1
	Laugarnesskóli	MacBook Pro 13'		1	16
	Myndver	MacBook Pro 13'		1	
		iMac	1		
	Norðlingaskóli	MacBook Pro 13'	1		
	Réttarholtsskóli	MacBook Air 13'	1		
	Ölduselsskóli	iMac			1
SFS samtals			9	9	27
USK	Skipulagsfulltrúi	MacBook Pro 16'			1
	Þjónusta og	MacBook Pro 13'			1
USK samtals					2
VEL	Skrifstofa	MacBook Pro 13'	1		
	Þjónustumiðstöð	MacBook Pro 13'		1	
VEL Samtals			1	1	
ÞON	Gagnþjónusta	MacBook Pro 13'	1		
		MacBook Pro 16'	2		
	Rekstrarþjónusta	MacBook Pro 13'		2	
		MacBook Pro 14'		1	1
	Skrifstofa	MacBook Pro 13'		2	
		MacBook Pro 16'	1	1	
		iMac		1	
	Stafræn Reykjavík	MacBook Air 13'		1	
		MacBook Pro 13'		18	
	UTR -	Mac mini	1		
		MacBook Pro 13'		4	
		MacBook Pro 16'	2	3	
		MacBook Pro 14'			1
	UTR -	MacBook Pro 13'		1	
		MacBook Pro 16'			1
	UTR -	MacBook Pro 13'		1	
	Þjónustuhönnun	MacBook Pro 13'	1	17	

Undanfarin þrjú ár hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið keypt 2.569 iPad spjaldtölvur með örútboðum innan rammisamnings.

Einnig hafa iPad spjaldtölvur verið keyptar sem hluti af öðrum verkefnum t.d. afgreiðslukerfum.

Með örútboðum voru eftirfarandi iPad spjaldtölvur keyptar á tímabilinu:

Skólar	2020	2021	2022
Austurbæjarskóli	0	10	0
Álftamýrarskóli	13	0	0
Árbæjarskóli	0	0	52
Ártúnsskóli	4	1	57
Borgaskóli	0	1	22
Breiðagerðisskóli	0	2	35
Breiðholtsskóli	0	0	4
Dalskóli	0	0	18
Engjaskóli	0	0	5
Fellaskóli	0	7	102
Foldaskóli	0	0	0
Fossvogsskóli	10	0	0
Grandaskóli	0	0	0
Hagaskóli	0	0	0
Hamraskóli	0	0	42
Háteigsskóli	2	0	24
Hlíðaskóli	0	2	16
Hólabrekkuskóli	0	1	26
Húsaskóli	0	1	33
Hvassaleitisskóli	0	4	30
Ingunnarskóli	0	50	11
Klébergsskóli	10	0	0
Langholtsskóli	20	140	204
Laugalækjarskóli	0	5	175
Laugarnesskóli	3	7	272
Melaskóli	1	0	123
Norðlingaskóli	105	117	232
Réttarholtsskóli	0	0	21
Rimaskóli	0	3	10
Selásskóli	17	6	14
Seljaskóli	0	3	81
Sæmundarskóli	30	0	38
Vesturbæjarskóli	40	3	141
Víkurskóli	2	0	0
Vogaskóli	0	10	10
Ölduselsskóli	0	35	25



Brúarskóli	7	0	24
Klettaskóli	20	0	30
Samtals	284	408	1877

Einnig vil fulltrúinn fá að vita hvaða rök þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur fyrir kaupum á svona dýrum búnaði fyrir borgarfulltrúa og annað starfsfólk sem ekki er beint að vinna með þunga grafiík, krefjandi hljóðvinnslu eða annað sem krefst slíks tækjabúnaðar.

Til að tryggja hagkvæmni í innkaupum á almennum tölvubúnaði er ætíð ráðist í örútbóð innan rammisamnings.

Í útbóðum hafa kröfur til tölvubúnaðar verið skilgreindar út frá tæknilegum eiginleikum sem og ætlaðri notkun innan tölvuumhverfisins.

Almennt skiptast fartölvur sem keyptar eru í fjóra flokka og hafa kröfur miðast við:

- 1) Almennar fartölvur til notkunar í tölvuumhverfinu.
Létt meðfærileg 14" fartölva með björtum skjá og ákveðnum tengimöguleikum, að hámarki 1,5 kg.
- 2) Almennar fartölvur fyrir starfsfólk sem er mikið á ferðinni vinnu sinnar vegna.
Létt meðfærileg 13" fartölva með björtum skjá og lágmarks tengimöguleikum, að hámarki 1,3 kg.
- 3) Almennar Apple fartölvur til notkunar í tölvuumhverfinu.
Létt meðfærileg 13" fartölva með björtum skjá og lágmarks tengimöguleikum, að hámarki 1,4 kg.
- 4) Sérpantanir/sérstakar fartölvur.
Fartölvur sem mæta sértækum þörfum viðkomandi starfs eða starfsfólks þar sem yfirmaður heimilar innkaupin.

Á tímabilinu var ráðist í nokkur slík útbóð fyrir almennan tölvubúnað. Þau verð sem hafa verið í gildi um þó nokkurt skeið fyrir algengustu almennar fartölvur eru því eftirfarandi:

Dell Latitude 14" (kr. 132.102,- m. vsk)

Dell Latitude 13" (kr. 215.955,- m. vsk)

Keypt í örútbóði 15125

Macbook Pro 13" (kr. 260.299,- m. vsk)

Keypt skv. örútbóði 15473

Hlutverk þjónustu- og nýsköpunarsviðs er að styðja við starfsemi borgarinnar. Það á einnig við þegar kemur að útvegun og innkaupum helsta almenns tölvubúnaðar. Þjónustu- og nýsköpunarsvið velur ekki tækjabúnað fyrir starfsfólk borgarinnar, það gera yfirmenn kostnaðarstaða og taka þar mið af þörfum viðkomandi starfsstaðar og þeim verkefnum sem starfsfólk sinnir. Þannig annast sviðið innkaup og þjónustu tölvubúnaðar en ekki val á tækjum fyrir starfsfólk.



Tölvuumhverfi borgarinnar er mjög fjölbreytt og tölvur með Apple stýrikerfum gegna þar hlutverki eins og annar tölvubúnaður á markaði. Útilokun mismunandi stýrikerfa, sem styðja við og vinna í samræmi við tækni- og öryggiskröfur í tölvuumhverfi borgarinnar, út úr rekstrarumhverfi er að mati þjónustu- og nýsköpunarsviðs úrelt hugsun. Tölvubúnaður er helsta vinnutæki stórs hluta borgarstarfsmanna og uppspretta mikils hluta þeirra verðmæta sem sóst er eftir þegar starfsfólk er ráðið til starfa. Starfsfólk Reykjavíkurborgar er fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíkar þarfir og mjög ólík verkefni. Tölvubúnaður sem starfsfólki þykir þægilegt að umgangast og auðveldar því dagleg störf er því mun líklegri til að skila fljótar arði og framlegð í formi verðmæts vinnuframlags fremur en búnaður sem starfsfólki þykir óhentugur eða er að einhverju leyti takmarkandi. Verðmunur á innkaupsverði búnaðar með mismunandi stýrikerfum er í því samhengi hverfandi.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið tekur ekki afstöðu til þess sem haldið er fram í fyrirspurninni að borgarfulltrúar geri í vinnunni en bendir á að með mikilli aukningu fjarfunda hafa kröfur til hljóð- og myndvinnslugæða tölvubúnaðar almennt aukist til mikilla muna.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Ó. Egils.

Ólafur Óskar Egilsson,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu